

Nr. 086 / 11 Kópur GK 175***Fær drauganet í skrúfuna og dreginn í land***

Skipaskr.nr. 6689
Smíðaður: Noregi 1971, plast
Stærð: 5,2 brl. 3,89 bt.
Mesta lengd: 7,88 m Skráð lengd: 7,86 m
Breidd: 2,03 m Dýpt: 1,74 m
Vél: Perkins 67,2 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 1



Kópur©Alfons Finnsson

Gögn:

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 25. júní 2011 var Kópur GK 175 á siglingu norður af Ólafsvík. Veður: Gott.

Á siglingunni fékk báturinn drauganet í skrúfuna og óskaði skipstjórinn eftir aðstoð. Björgunarskipið Björg dró Kóp GK til hafnar í Ólafsvík.

Myndin sýnir Björgu draga bátinn til hafnar. (Mynd@Alfons Finnsson)

**Við rannsókn kom fram:**

- að um var að ræða þorskanet á reki;
- að ekki varð um skemmdir að ræða.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.